

**Ed.**

**559. Frumvarp til laga**

[210. mál]

um orlof.

(Eftir 2. umr. í Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 441 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður samkvæmt 5. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns eða héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá orlofsfé sitt greitt, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

Veikist launþegi hér innanlands í orlofi það alvarlega, að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi, t. d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og standi veikindin samfellt lengur en þrjá sólarhringa, á launþegi rétt á uppótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Vinnuveitandi á rétt á að láta lækni vitja launþega, er veikst hefir í orlofi. Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma, sem launþegi óskar. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir upphaf næsta orlofstímabils.

18. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 16 26. febr. 1943 og lög nr. 87 24. des. 1971 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Lög þessi gilda um orlofsárið 1976—1977.